

Minnisblað/vinnuskjal

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
Kristján Skarphéðinsson, ráðuneytisstjóri

Reykjavík 5. desember 2014.

Gjaldtaka af ferðamönnum skv. ákvæðum gildandi laga og almannaréttur.

Að beiðni þinni hafa Landslög tekið saman svohljóðandi minnisblað um gildandi ákvæði laga um töku gjalds af ferðamönnum vegna dvalar umferðar og dvalar á landi.

- Eftirfarandi ákvæði eru í lögum sem fjalla almennt um málið

Í lögum um skipan ferðamála nr. 73 frá 2005 er ráðherra heimilt skv. 28. gr. laganna að ákveða að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á ferðamannastöðum enda skuli slíkt fé nýtt til að vernda, snyrta, fegra og byggja upp aðstöðu til móttöku ferðamanna. Ákvæði þetta tekur almennt til landsvæða í eigu ríkisins. Tekið er fram að ákvæðið taki ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Umhverfisstofnunar nema samþykki Umhverfisstofnun komi til.

Í náttúruverndarlögum nr. 44 frá 1999 er Umhverfisstofnun, eða öðrum sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis, veitt heimild til að taka gjald fyrir veitta þjónustu skv. 1. málsl. 1. mgr. 32. gr. Í 2. málsl. sömu greinar er þessum aðilum veitt heimild til að taka gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna og hætta er á slíkum spjöllum. Í 2. mgr. er tekið fram að slíkum tekjum skuli varið til eftirlits, lagfæringar og uppbyggingar á svæði eða aðkomu að því. Gjaldskrá vegna þessa skal lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

Í nýjum náttúruverndarlögum nr. 60 frá 2013, sem ekki taka gildi fyrr en í júlí 2015, er nánast samhljóða ákvæði í 2. mgr. 92. gr.

Almennar heimildir eru því þegar í lögum til að innheimta gjald vegna umferðar og dvalar á eignarlandi ríkisins og á náttúruverndarsvæðum.

- Eftirfarandi heimildir eru í sérlögum um tiltekin svæði

Í 1. mgr. 7. gr. laga um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47 frá 2004 er Þingvallanefnd veitt heimild, til að ákveða í reglugerð um þjóðgarðinn, að tekin skuli „gestagjöld“ af gestum þjóðgarðsins fyrir þjónustu þar og dvöl til að mæta kostnaði við þjónustu og eftirlit.

Í 21. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60 frá 2007 er sambærilegt ákvæði. Fram kemur að fjárhæð gjaldsins skuli ákveðin í reglugerð og byggjast á rekstraráætlun garðsins. Heimilt sé að ákveða gjaldið miðað við dagsdvöl í garðinum sem veiti aðgang að öllum rekstrarsvæðum. Heimilt sé að rukka sérstaklega fyrir tjaldstæði. Jafnframt að veita megi afslátt ef greitt er fyrir lengri tíma eða marga í

einu. Tekið er fram að ráðherra ákveði nánara fyrirkomulag gjaldtöku í reglugerð að fengnum tillögum stjórnar. Gestagjöldin skulu renna til þjóðgarðsins.

Skýrt er skv. framangreindu að lagaheimildir eru til að innheimta gjald vegna dvalar í þeim þjóðgörðum sem sett hafa verið sérlög um.


- Tengsl almannaréttar og greindra lagaákvæða

Ljóst er að umrædd lagaákvæði eru annarsvegar sérlög gagnvart náttúruverndarlögum og hins vegar sérákvæði innan þeirra gagnvart almennum ákvæðum náttúruverndarlaga um umferðarrétt. Ákvæðin Ganga því frammar hinum almennum ákvæðum samkvæmt almennum sjónarmiðum um lögskýringu. Ákvæðin takmarka vissulega almannarétt til umferðar sem ella væri gjaldfrjáls. Lögmæt og málefnaleg sjónarmið búa að baki þeirri takmörkun enda er kveðið á um það í öllum ákvæðunum að gjaldinu skuli varið til uppbyggingar eða rekstrar þeirra svæða sem þau eru innheimt vegna.

Frekari heimildir til innheimtu gjalda á þessum svæðum eru því ekki frekar en greindar heimildir andstæðar ákvæðum náttúruverndarlaga um almannarétt þó þær takmarki hann.

Undirritaður mun góðfúslega veita frekari upplýsingar og/eða skýra efni þessara minnispunkta verði þess óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. Landslaga,



Ívar Pálsson hrl.

Meðfylgjandi tilvísuð lagaákvæði

Lög um skipan ferðamála

2005 nr. 73 24. maí

■28. gr. Ráðherra er heimilt að ákveða, að fenginni umsögn Ferðamálastofu, að greitt skuli sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sem veitt er á ferðamannastöðum enda sé fé það sem bannig safnast, að frádregnum innheimtukostnaði, eingöngu notað til verndar, fegrunar og snyrtingar viðkomandi staðar og til að bæta aðstöðu til móttöku ferðamanna.

□Ákvæði þessi taka þó ekki til þjóðgarða eða annarra svæða á vegum Umhverfisstofnunar nema samþykki hennar komi til.

Lög um náttúruvernd¹⁾

1999 nr. 44 22. mars

■32. gr. Gjaldtaka o.fl.

□[Umhverfisstofnun]¹⁾ eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu. Rekstraraðili náttúruverndarsvæðis getur enn fremur ákveðið gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum.

□Tekjum samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. skal varið til eftirlits, lagfæringar eða uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því.

□Eigi síðar en í september ár hvert skal [Umhverfisstofnun]¹⁾ leggja fyrir [ráðherra]²⁾ til staðfestingar skrá yfir gjöld sem stofnunin hyggst innheimta næsta ár á eftir. Staðfesti ráðherra gjaldskrána skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

□[Umhverfisstofnun]¹⁾ eða öðrum umsjónaraðila náttúruverndarsvæðis er heimilt að setja sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á náttúruverndarsvæðum og um önnur atriði er greinir í III. kafla, sbr. og 60. gr.

□Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd greinarinnar í reglugerð.³⁾

¹⁾L. 164/2002, 22. gr. ²⁾L. 126/2011, 287. gr. ³⁾Rg. 528/2005.

Lög um náttúruvernd

2013 nr. 60 10. apríl

■92. gr. Gjaldtaka.

□Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald fyrir afgreiðslu leyfisumsókna sem stofnunin annast og þær undanþágur sem hún veitir samkvæmt lögum þessum. Gjaldið skal vera í samræmi við gjaldskrá sem ráðherra hefur staðfest og birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Gjaldið má ekki vera hærra en sem nemur kostnaði við afgreiðslu erindisins.

□Umhverfisstofnun eða sá aðili sem falinn hefur verið rekstur náttúruverndarsvæðis getur ákveðið gjald fyrir veitta þjónustu. Rekstraraðili náttúruverndarsvæðis getur enn fremur ákveðið sérstakt gjald fyrir aðgang að svæðinu ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna eða hætta er á slíkum spjöllum og skal tekjum af því varið til eftirlits, lagfæringar og uppbyggingar svæðisins eða aðkomu að því.

□Eigi síðar en í ágúst ár hvert skal Umhverfisstofnun leggja fyrir ráðherra til staðfestingar skrá yfir gjöld skv. 2. mgr. sem stofnunin hyggst innheimta næsta ár á eftir. Staðfesti ráðherra gjaldskrána skal

hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

☐ Ráðherra getur ákveðið nánara fyrirkomulag gjaldtöku í reglugerð.

Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum

2004 nr. 47 1. júní

■ **3. gr.** Land þjóðgarðsins skal vera friðað í því skyni að varðveita ásýnd þess sem helgistaðar þjóðarinnar og til að viðhalda eins og kostur er hinu upprunalega náttúrufari. **Almenningur skal eiga kost á að njóta svæðisins samkvæmt þeim reglum sem Þingvallanefnd setur.** Jarðmyndanir, gróður og dýralíf á svæðinu skal vera friðað en Þingvallanefnd er þó heimilt að gera ráðstafanir til eyðingar á þeim dýrum sem ekki samrýmast markmiðum friðunarinnar. Þjóðgarðurinn skal, eftir því sem Þingvallanefnd ákveður, varinn fyrir lausagöngu búfjár og nefndin skal setja sérstakar reglur um búskap á bújörðum sem eru í byggð innan þjóðgarðsins.

■ **7. gr.** Þingvallanefnd semur reglugerð¹⁾ um þjóðgarðinn, verndun og meðferð hans, en [ráðherra]²⁾ staðfestir. **Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld innan þjóðgarðsins fyrir veitta þjónustu og dvöl** þar til að **mæta kostnaði við þjónustuna og eftirlit með dvalargestum.** ☐ Þingvallanefnd getur einnig sett sérstakar **tímabundnar reglur um umferð innan þjóðgarðsins,** þ.m.t. bann við akstri utan vega og dvöl á ákveðnum svæðum, og sama gildir um veiðar dýra og fugla innan hans. Þá getur Þingvallanefnd sett reglur um meðferð spilliefna, frárennslis og annars sem hættu er á að mengi jarðveg og/eða vatn innan þjóðgarðsins, þ.m.t. Þingvallavatn, og flutning hættulegra efna og mengandi efna innan þjóðgarðsins.

¹⁾Rg. 848/2005. Rgl. 214/2013. ²⁾L. 126/2011, 384. gr.

Lög um Vatnajökulspjóðgarð

2007 nr. 60 28. mars

■ **21. gr. Gjaldtaka.**

☐ Í reglugerð má ákveða að taka **gestagjöld innan Vatnajökulspjóðgarðs fyrir veitta þjónustu og aðgang að svæðinu** til að mæta **kostnaði við þjónustu og eftirlit með dvalargestum.** Fjárhæð gjaldsins skal birt í reglugerð og **byggjast á rekstraráætlun þjóðgarðsins** alls sem stjórn Vatnajökulspjóðgarðs leggur fyrir [ráðherra]¹⁾ til samþykktar. Heimilt er að ákveða að gjaldið sé föst **fjárhæð miðað við dagsdvöl í þjóðgarðinum og veiti aðgang að þjónustu á vegum þjóðgarðsins á öllum rekstrarsvæðum** hans. Heimilt er að innheimta **sérstaklega fyrir aðgang að tjaldstæðum** innan þjóðgarðsins. Heimilt er að veita afslátt af gjaldinu ef greitt er fyrir lengri tíma í senn eða ef greitt er fyrir marga aðila í einu. **Gestagjöld skulu renna til Vatnajökulspjóðgarðs** óháð því á hvaða rekstrarsvæði þau eru innheimt. Ráðherra ákveður nánara fyrirkomulag gjaldtöku í reglugerð²⁾ að fengnum tillögum stjórnar þjóðgarðsins.

¹⁾L. 126/2011, 457. gr. ²⁾Rg. 130/2013, sbr. 1196/2013